

Markaðssetning og notkun plöntuverndarvara 2012-2019

Efnisyfirlit

1.	Upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara.....	2
2.	Plöntuverndarvörur settar á markað 2019.....	3
3.	Plöntuverndarvörur settar á markað 2019 í kg af virku efni	3
4.	Sala á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum.....	4
5.	Skipting á notkun notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara.....	5
6.	Fjöldi plöntuverndarvara á markaði eftir notkunarsviði.....	6

I. viðauki: Plöntuverndarvörur settar á markað fyrir árin 2017, 2018 og 2019 gefin upp sem kg af virku efni.	7
---	---

1. Upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara

Plöntuverndarvörur eru notaðar í landbúnaði og garðyrkju til að verja uppskeru nytjaplantna fyrir ýmsum skaðvöldum og til þeirra teljast skordýra-, sveppa- og illgresiseyðar ásamt stýriefnum. Reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur innleiðir reglugerð (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og samkvæmt henni þurfa plöntuverndarvörur markaðsleyfi hér á landi til þess að þær megi setja á markað. Umhverfisstofnun sér um að veita markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum og hefur eftirlit með markaðssetningu á þeim, sbr. efnalög nr. 61/2013.

Við gildistöku efnalaga féllu úr gildi allar skráningar plöntuverndarvara en heimilt var að sækja um tímabundna skráningu fyrir þær plöntuverndarvörur sem höfðu verið með skráningu. Þá voru veittar 114 tímabundnar skráningar með gildistíma allt til ársloka 2021, en gildistíminn er háður því hvenær búið er að áhættumeta virka efnið í vörunni á vettvangi ESB. Tímabundnar skráningar falla því smátt saman úr gildi og verður þá að sækja um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum til þess að þær megi vera áfram á markaði. Í ársbyrjun 2018 voru 85 plöntuverndarvörur með tímabundna skráningu, 81 í ársbyrjun 2019 og 55 í byrjun janúar 2020.


Plöntuverndarvörur skiptast í tvo flokka, annars vegar vörur sem ætlaðar eru til almennrar notkunar og hins vegar notendaleyfisskyldar vörur sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnuskyni. Umhverfisstofnun stendur árlega fyrir eftirlitsverkefnum sem nýtast m.a. til að afla upplýsinga um plöntuverndarvörur sem settar eru á markað og um sölu notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf á árinu 2016 út aðgerðaráætlun um notkun varnarefna sem gildir til loka árs 2031 og í henni eru sett fram 11 markmið í því skyni að draga úr notkun á plöntuverndarvörum. Eitt af þeim er að Umhverfisstofnun uppfæri og

viðhaldi gögnum um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara hér á landi í því skyni að ætíð liggi fyrir bestu fáanlegu upplýsingar um stöðu mála hvað þetta varðar. Í þessari skýrslu eru teknar saman upplýsingar um markaðssetningu og notkun plöntuverndarvara fram til lok árs 2019.

2. Plöntuverndarvörur settar á markað 2019

Á árinu 2019 voru flutt inn alls 8.326 kg af plöntuverndarvörum, sem ýmist eru ætlaðar til almennrar notkunar eða notkunar í atvinnuskyni og kallast hinar síðarnefndu notendaleyfissskyldar plöntuverndarvörur (1. mynd). Innflutningur á plöntuverndarvörum hefur verið mismikill á milli ára og liggja sveiflurnar einkum í því að verið er að flytja inn vörur í stórum sendingum, sem ætlaðar eru til sölu í fleiri en eitt ár. Þá geta einstakar vörur verið stór hluti af innflutningi þessra vara, t.d. dróst innflutningur verulega saman milli árunna 2012 og 2013 og sömuleiðis milli 2015 og 2016 og sem stafaði einkum af því að ekkert var flutt inn af illgresiseyðinum Casoron G á árunum 2013 og 2016. Markaðssetning á þessari vöru er nú alfarið bönnuð þar sem virka efnið í henni er þrávirkt og því ekki samþykkt á vettvangi ESB.



1. mynd. Innflutningur á plöntuverndarvörum á árunum 2012-2019, kg af vörum.


Í Aðgerðaráætlun um notkun varnarefna 2016-2031 er settur fram áhættuvísir varðandi innflutning á plöntuverndarvörum og samkvæmt honum skal innflutningur á þessum vörum ekki nema meiru en 12.000 kg alls á ári, þannig að það markmið náðist á árinu 2019, sbr. 1. mynd.

3. Plöntuverndarvörur settar á markað 2019 í kg af virku efni

Þegar meta á áhrif plöntuverndarvara á heilsu og umhverfi gefur magn virkra efna mun betri vísbendingar um raunverulegt álag heldur en heildarmagnið og þar sem styrkur virku efnanna í plöntuverndarvörum liggur alltaf fyrir er hægt að reikna út hve ákveðið

heildarmagn af vöru samsvarar miklu magni af virkum efnum. Innflutningur á plöntuverndarvörum mælt í kg af virku efni nam 982 kg á árinu 2019 (2. mynd) og dróst því mikið saman frá fyrra ári.

Í I. viðauka má sjá yfirlit um virk efni sem sett hafa verið á markað á árunum 2017-2019 og magn þeirra, en tekið skal fram að þær tölur gefa eingöngu upplýsingar um magn sem var sett á markað á hverju ári en ekki um notkun varanna innan þess. Ef litið er til markmiðanna úr Aðgerðaráætluninni þá skal innflutningur á virkum efnum ekki nema meiru en 3.000 kg á ári og því er ljóst að innflutningur á árinu 2019 er langt undir því viðmiði.




2. mynd. Innflutningur á plöntuverndarvörum á árunum 2012-2019, kg af virkum efnum.

4. Sala á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum

Umhverfisstofnun kallar á hverju ári eftir upplýsingum frá söluaðilum hér á landi um sölu þeirra á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum fyrir næstliðið ár. Samkvæmt þeim voru á árinu 2019 seld 2.700 kg af notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum eða sem samsvarar 1.145 kg af virku efni og er það nokkuð sambærilegt við magnið undangengin ár (1. tafla). Samkvæmt markmiðum í Aðgerðaáætlun um notkun varnarefna skal salan ekki nema meiru en 2.400 kg af virku efni á ári, það er því ljóst að þetta markmið hefur náðst á árinu 2019 (3. mynd).

1. tafla. Sala 2017-2019 á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum.


	2017	2018	2019
Sala á plöntuverndarvörum, kg alls	3148	2266	2700
Sala á plöntuverndarvörum af virku efni, kg	1058	984	1145
Fjöldi seldra plöntuverndarvara	34	30	30



3. mynd. Sala á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum, kg af virku efni.

5. Skipting á notkun notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara

Á árinu 2019 var mest selt af illgresiseyðum og því næst sveppaeýðum (4. mynd). Helsta breyting á milli síðustu tveggja ára er að sala á illgresiseyðum og sveppaeýðum hefur aukist, en sala á skordýraeyðum og stýrefnum dregist saman. Tekið skal fram að þessar tölur eiga eingöngu við notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur.




4. mynd. Skipting á notkun notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara.

6. Fjöldi plöntuverndarvara á markaði eftir notkunarviði

Upplýsingar um fjölda plöntuverndarvara á markaði eru fengnar úr eftirlitsverkefnum Umhverfisstofnunar, en í þeim eru allar vörur á markaði skoðaðar. Samkvæmt þeim gögnum lítur út fyrir að fjöldi vara á markaði fari minnkandi ár frá ári (5. mynd) og stafar það m.a. af því að vörum með tímabundna skráningu hefur fækkað á tímabilinu 2017-2019 og ekki hafa verið gefin út nein markaðsleyfi í staðinn.

Í Aðgerðaráætlun um notkun varnarefna kemur fram spá um fjölda plöntuverndarvara sem yrðu á markaði hér á landi árið 2025 og skiptingu varanna eftir því hvort þær séu ætlaðar til almennrar notkunar eða eingöngu til notkunar í atvinnuskyni. Spáin byggir á því að til staðar á markaði séu nægilega margar mismunandi plöntuverndarvörur til þess að uppfylla á fullnægjandi hátt þarfir í plöntuvernd, bæði almennings og atvinnulífs. Samkvæmt spánni er gert ráð fyrir að 72 plöntuverndarvörur verði á markaði á árinu 2025, þar af 54 eingöngu ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni (75%) og 18 til almennrar notkunar (25%).

Á árinu 2019 voru 19 plöntuverndarvörur á markaði sem ætlaðar eru til almennra nota og er það nálægt settu markmiði um fjölda vara í boði í þessum flokki. Á hinn bóginn er fjöldi notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara enn allnokkuð undir spánni fyrir árið 2025 og því mætti búast við að þeim muni fjölga nokkuð ef spá um það hve margar vörur þarf til að uppfylla þörfina í plöntuvernd til framtíðar er rétt.



5. mynd. Fjöldi plöntuverndarvara á markaði eftir notkunarviði.

I. viðauki: Plöntuverndarvörur settar á markað fyrir árin 2017, 2018 og 2019 gefin upp sem kg af virku efni.

Virkt efni	Notkunarsvið	Flokkur	2017	2018	2019
abamektín	í atvinnuskyni	skordýraeyðir		0,11	
aklónífen	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	60	168	156
asadíraktín	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	1,3	1	0,24
Bacillus thuringiensis kurstaki / aizawai GC-91	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	5		
damínósíð	í atvinnuskyni	stýriefni		36	
deltametrín	almenn notkun	skordýraeyðir	1	15	7,2
díflúfeníkan	almenn notkun	illgresiseyðir		30	0
díkamba	almenn notkun	illgresiseyðir		4	
díklórpróp-P	almenn notkun	illgresiseyðir		35	
díkvat-díbrómíð	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	213	375	93
dímétóat	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	60		
dódemorf	almenn notkun	sveppaeyðir	17	15	34
edíksýra	almenn notkun	illgresiseyðir			4,8
fitusýrur	almenn notkun	illgresiseyðir	62	130	0
flúasínám	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	60	100	40
fosetýl-Al	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	9		17
glýfosat	almenn notkun	illgresiseyðir	1004	455	194
ímíðklórpríð	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	1	8	
ípródíón	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	24		
járnfosfat	almenn notkun	skordýraeyðir	1,8		
kínóklamín	almenn notkun	illgresiseyðir	3	1	
kletódím	í atvinnuskyni	illgresiseyðir		1	6
klómasón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	9	14	
klórmekvat	í atvinnuskyni	stýriefni		113	
línúrón	almenn notkun	sveppaeyðir	662		
MCPA	almenn notkun	illgresiseyðir		541	225
Metarhizium anisopliae	í atvinnuskyni	skordýraeyðir			1
metasaklór	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	21	22	30
metríbúsín	almenn notkun	illgresiseyðir	18	17	17
naprópamíð	í atvinnuskyni	illgresiseyðir		36	18
penkónasól	í atvinnuskyni	sveppaeyðir		1	1,2
pensýkúrón	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	75	71	65
pírímíkarb	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	12	19	
próklóras	í atvinnuskyni	sveppaeyðir			3
própakvísafóp	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	1	2	
própamókarb	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	20		29
própríkónasól	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	42	33	
pýretrín	almenn notkun	skordýraeyðir	1,9	2,9	3
repjuolía	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	33		
rímísfúrón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	6,2		0,25
spínósað	í atvinnuskyni	skordýraeyðir	4		3,6
Streptomyces K61	almenn notkun	sveppaeyðir	0,1	0,2	0,33
sýpermetrín	almenn notkun	skordýraeyðir	65	70	
tríbenúrón	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	5	5	5
trínexapak	almenn notkun	stýriefni	5		10
þífensúlfúrónmetýl	í atvinnuskyni	illgresiseyðir	3		
þíófanatmetýl	í atvinnuskyni	sveppaeyðir	41	58	20
Alls sett á markað í kg af virku efni			2546	2379	982